



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Fundargerð

57. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 10. apríl 2015 kl. 15:00 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mættir:

Reykjavík:

Hjálmar Sveinsson

Kópavogsbær:

Sverrir Óskarsson

Hafnarfjarðarbær:

Guðlaug Kristjánsdóttir

Garðabær:

Sigurður Guðmundsson og Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir og Ólafur Ingi Óskarsson

Seltjarnarnesbær:

Bjarni Torfi Álfþórsson og Stefán Bergmann

Kjósarhreppur:

Einnig sat fundinn Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður, Hjálmar Sveinsson, setti fund og stýrði.

1. Vaxtarmörk í landi Vatnsenda

Málinu var frestað á síðasta fundi. Eftir viðræður milli fulltrúa Kópavogs og Garðabæjar liggur fyrir tillaga að breytingum á vaxtarmörkum útfærð í minnisblaði Alta, dagsett 10. apríl 2015.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd samþykkir að víkka lítilla út vaxtarmörk í landi Vatnsenda að Hamraneslínunum í samræmi við fyrirliggjandi minnisblað dagsett 10. apríl 2015. Ef mæta á ósk um frekari útfærslu á vaxtarmörkum leiðir það til sérstakrar svæðisskipulagsbreytingar, í samræmi við málsmeðferð 22.-25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, ef og þegar fyrir liggur tillaga að breytingu á aðalskipulagi Kópavogs.

2. Afgreiðsla endanlegrar svæðisskipulagstillögu til samþykktar sbr. 2. mgr. 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Svæðisskipulagsnefnd samþykkti á síðasta fundi tillögu fagraðs að svörum við innkomnum athugasemdum að undanskilinni athugasemd um færslu á vaxtarmörkum í landi Vatnsenda.

Fyrir liggur yfirfarið skjal sem dregur fram breytingar sem gerðar verða á auglýstri tillögu.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd samþykkir að senda tillögu að nýju svæðisskipulagi og umhverfisskýrslu

ásamt breytingartillögum og umsögn við innkomnum athugasemdum til lokaafgreiðslu aðildarsveitarfélaga í samræmi við 2. mgr. 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 9. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

3. **Þróunaráætlun 2015 – 2018, 1. áfangi**

Hrafnkell Á. Proppé greindi frá umfjöllun fagráðs um tillögu að þróunaráætlun. Lögð var fram tillaga um að halda sameiginlegan fund svæðisskipulagsnefndar, fagráðs og utanaðkomandi aðila sem tengjast húsnæðismálum.

Næsti fundur svæðisskipulagsnefndar verður haldinn föstudaginn 17. apríl kl. 08:15.
Fundi slitið kl. 16:20.